

**SJÓVÁ**

Sími: 436 1617 & 893 5445  
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

**JÖKULL**

871. tbl - 19. árg.

4. apríl 2019



# Fjölmennur knattspyrnskóli

Íþróttahús Snæfellsbæjar iðaði af lífi og fjöri um síðustu helgi. Þar voru á ferð knattspyrnustúlkur og drengir framtíðarinnar í Knattspyrnskóla Víkings sem Knattspyrnudeild Víkings bauð upp á. Um það bil 60 krakkar af Snæfellsnesi tóku þátt í skólanum en fjölbreytt og metnaðarfull dagskrá var í boði. Gestþjálfarar voru Bojana Besic þjálfari kvennaliðs KR og Nihad Herecic Cober, sem kenndu og stjórnðu æfingum ásamt þjálfara yngri flokka og leikmönnum meistaraflokks Víkings. Boðið var upp á æfingar sniðnar að aldri og getu þátttakenda, ásamt fyrirlestrum og fræðslu. Á laugardagskvöldinu var að sjálf-sögðu kvöldskemmtun og grill og alla helgina var boðið upp á morgunmat og hádegismat sem sjálfbóðaliðar sáu um. Voru allir sem að komu mjög ánægðir með helgina og til fyrirmyndar að staðið sé fyrir knattspyrnskóla



sem þessum í bæjarfélagi af okkar stærðargráðu.

*þa*

## Jarðarstund á Snæfellsnesi

Margir íbúar, fyrirtæki og stofnanir tóku þátt í Jarðarstund eða Earth Hour sem haldin var að undirlagi náttúruverndarsamtakanna World Wildlife Fund laugardaginn 30. mars. Að þessu sinni voru 24 kennileiti myrkvuð víðsvegar um heiminn klukkutíma í senn, má þar nefna Eiffel-turninn í París, Empire State-bygginguna í New York og óperuhúsið í Sydney. Í yfirlýsingu WWF segir "Við erum fyrsta kynslóð mannkyns sem veit að hún er að eyðileggja jörðina. Og við gætum verið sú síðasta sem getur eitthvað gert í málinu, við höfum lausina við þurfum bara að láta raddir okkar heyrast." Var þetta í 12. skipti sem þessi viðburður er haldinn og tók Snæfellsbær ásamt öðrum

sveitarfélögum á Snæfellsnesi í samstarfi við RARIK þátt í honum í þriðja sinn með því að slökkva á götuljósum og ljós á stofnunum sínum. Einng voru hinir ýmsu viðburðir af þessu tilefni og íbúar hvattir til þess að huga að lofstlagsbreytingum af mannavöldum og geyma venjur nútímans og leggja snjallsímama frá sér slökkva á sjónvarpi, ljósum og hinum ýmsu rafmangstækjum og leggja með því áherslu á það sem færir heilbrigði og hamingju. Á síðasta ári tóku yfir 7000 bæir og borgir í 187 löndum þátt í vitundarvakningunni og ánægjulegt að sveitarfélög á Snæfellsnesi séu í þeim hópi.

*þa*



**FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**

er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



**VÉLSMIÐJA  
GRUNDAFJARÐAR**

- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

# Saltlöndun



Seinnihluta síðasta mánaðar kom flutningaskipið Citadel með salt til Ólafsvíkurhafnar, ekki var hægt að skipa upp salti fyrir en sólahring seinna vegna veðurs. Skipað var upp 1000 tonnum af salti og fóru 300 tonn í Valafell, 600 tonn í KG fiskverkun, 100 tonn var sett á lager á hafnarbakkanum, Voru þrjár trailerar frá Ragnari og Ásgeiri notaðir til að flytja saltið í verkanirnar. Purfti fimm lyftara,

þrjá í Ólafsvík og tvo á Rif, í þess má geta að síðast þegar salt kom þá fóru 500 tonn í KG og 400 tonn í Valafell var það salt að verða búið þegar þessi sending kom.

Citadel sem er frá Hollandi er skip af stærri gerðinni, rúmlega 110 metra langt og 14 metra breitt og 3990 tonn. Héðan fór skipið til Hafnar í Hornafirði og þaðan til Hollands.

þa



Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífi. S-4366677

Betra fyrir bílinn

## Bókaklúbbur hittist



Hópur af hressu fólki hittist á Gilbakka á Hellissandi þann 19. mars síðastliðinn. Tilgangurinn með hittingnum var að spjalla um bækur, en mánuði áður var fyrsti hittingurinn þar sem ákveðið var hvaða bók ætti að lesa og hvenær ætti að hittast. Var þar ákveðið að byrja á að lesa bókina Ótrúleg saga Indverja sem hjólaði til Svíþjóðar á vit ástarinnar eftir Per J. Andersson. Eftir að hafa gætt sér á súpu var skipst á að segja frá sinni upplifun af bókinni og hvaða ef einhver áhrif hún hefði haft á hvern og einn. Var þetta skemmtileg

kvöldstund en ákveðið var að bókaklúbburinn sem þarna var að hittast fengi nafnið Bókaklúbburinn Ótrúleg saga og verður hisst þriðja þriðjudag í mánuði yfir vetrarmánuðina og ný bók rædd í hvert skipti. Verður næsti hittingur þann 16. apríl og verður þá spjallað um bókina 60 kíló af sólskini eftir Hallgrím Helgason. Það er alltaf ánægjulegt þegar bryddað er upp á einhverju nýju í bæjarfélaginu og ástæða til að hvetja þá sem hafa áhuga að kynna sér málið.

þa

### Valhöll fasteignasala kynnr:



#### Hjarðartún 7, Ólafsvík

Rúmgóð íbúð í kjallara, 96,4fm við Hjarðartún 7 í Ólafsvík. Íbúðin skiptist í forstofu, rúmgott hol, eldhús, tvö herbergi, baðherbergi og sameiginlegt þvottahús. Á forstofu og baði eru flisar á gólfu og á holi, stofu, eldhúsi og herbergjum er parket. Stutt er í alla þjónustu s.s. verslanir, skóla, pósthús, banka og fl.

Verð: 10,8 millj.

Upplýsingar gefur Ingólfur Gissurarsson löggilttur fasteignasali á Valhöll sími 588 4477. Einnig Pétur Steinar Jóhannsson gsm 893 4718 og rafpóstur psj@simnet.is

Sjá upplýsingar  
um eignir í Snæfellsbæ  
á [valholl.is](http://valholl.is) undir söluskrá

**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA

Ingólfur G. Gissurarson, löggilttur fasteignasali,  
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík

355 Snæfellsbæ

Netfang: [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)

Sími: 436 1617



**FISKMARKAÐUR**  
ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)



# Árshátíðir GSNB

Á hverju skólaári eru haldnar árshátíðir fyrir nemendur í Grunnskóla Snæfellsbæjar. Þar gefst nemendum tækifæri til að vinna að verkefnum sem þjálfra framkomu, samvinnu, framsögn og sköpun sem eru mikilvægir þættir í skólastarfi.

Árshátíð unglíngastígs var haldin í Röstinni miðvikudaginn 27. mars síðastliðinn. Nemendaráð sá um undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar og var öll umgjörð til fyrirmyndar. Nemendur mættu þrúðbúnir og áttu góða kvöldstund saman. Fúsi kokkur sá um matreiðsluna, nemendum var þjónað til borðs af starfsfólki skólans og allir virtust njóta sín vel. Á dagskránni voru myndbönd sem nemendur

höfðu gert og úrslit tilkynnt um margvíslegar tilnefningar nemenda. Nagglasúpan lék svo undir dans í lok hátíðarinnar og héldu uppi miklu fjöri.

Árshátíð 5. -7. bekkjar var haldin fimmtudaginn 28. mars í Félagsheimilinu Klifi. Að þessu sinni var sett upp barnaleikritið Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson. Tónlistin er eftir Jóhann G. Jóhannsson og um undirleik á sýningunni sá Evgeny Makeev. Leikritið gerist í Ævintýrasköginum þar sem margar ævintýrapersónur búa og boðskapurinn er að við þurfum að standa saman þegar vandamál koma upp. Allir nemendur á miðstigi komu fram á sýningunni og leikmynd var í höndum nemenda en auk þess



## Lestrarhestar vikunnar



Filip Ingvason 3. bekk

Hvernig bækur finnst þér skemmtilegast að lesa?  
Myndasögur, allskonar

Hvaða bók varstu að lesa síðast?  
Litla ljót sem ég las í skólanum

Hver er uppáhaldsbókin þín?  
Herra Skellur

Hver er uppáhalds rithöfundurinn þinn?  
Veit það ekki



Eyrún Lilja Einarsdóttir 6. bekk

Hvernig bækur finnst þér skemmtilegast að lesa?  
Ævintýrabækur

Hvaða bók varstu að lesa síðast?  
Bert og kaldastríðið

Hver er uppáhaldsbókin þín?  
Draumurinn

Hver er uppáhalds rithöfundurinn þinn?  
Þorgrímur Þráinsson

fungum við aðstoð frá Oliwiu í 10. bekk. Þökkum foreldrum fyrir aðstoð við búninga og annan undirbúning. Þá viljum við þakka tæknimönnum þeim Jasoni, Ingu Sóleyju og Sunnu Líf fyrir þeirra framlag og Hullu sem hafði yfirumsjón með tæknimálum. Sýningin var vel sótt og þótti takast vel og enduðu nemendur kvöldið á balli þar sem allir skemmtu sér.

Árshátíð Lýshólsskóla var haldin laugardaginn 30. mars. Allir nemendur leikskólastígs og grunnskóla tóku þátt. Leikskólastigið breyttist í sjóræningja í skuggaleikhúsi og lék og söng einnig fyrir framan tjald. Yngsta stig brá sér í ýmis gervi með nokkra brandara og lék og söng Tölvuleikinn, ljóð Þórarins Eldjárns við lag Ágústs Böðvarssonar. Nemendur mið-

og unglíngastígs fluttu leikritið Ballið á Bessastöðum eftir sögu og leikgerð Gerðar Kristnýjar en söngtextar og lög eru eftir Braga Valdimar Skúlaason. Áhorfendur fylltu salinn, gerðu góðan róm að skemmtidagskrá og veitingum góð skil en foreldrafélagið sá um kaffihlaðborð að venju. Þar buðu nemendur einnig kransakökur sem þeir höfðu bakað í heimilisfræði og tengdu þar með hlaðborðið við leikritið Ballið á Bessastöðum sem snýst að stórum hluta um kransaköku. Fjölmargir lögðu hönd á plóg við búninga- og leikmunagerð og tæknimál og eru þeim hér með færðar bestu þakkir fyrir framlagið. Einnig foreldrafélaginu fyrir glæsilegt kaffihlaðborð og gestum fyrir komuna.

ÓLAFSVÍKUR- OG  
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL  
kirkjanokkar.is



## Guðspjónusta í Ólafsvíkirkirkju

verður á sunnudag 7. apríl kl. 11. Altarisganga.  
Fermt verður í athöfninni.

# Orlofshús 2019

Verkalýðsfélag Snæfellinga bíður upp á dvöl í orlofshúsum félagsins í sumar,

Svignaskarð og Húsafell

**Opið er fyrir umsóknir um sumarúthlutun**

**3. apríl – 24. apríl.**

Félagsmenn geta einnig sótt um niðurgreiðslur á :

**Ferðavögnum, orlofshúsum innanlands ásamt húsi félagsins á Spáni.**

Endurgreiðsla getur verið kr. 20.000 á 24 mánaða tímabili, þó aldrei meira en 50% af reikningi.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á skrifstofum og heimasíðu félagsins.

**Minum á Vinaminni - orlofsíbúð á Alicante svæðinu á Spáni,**

enn eru lausar dagsetningar, nánari upplýsingar á [www.verks.is](http://www.verks.is), tölvupósti [verks@verks.is](mailto:verks@verks.is) og í síma 588 9191.

Einnig bjóðum við félagsmönnum okkar upp á gistimiða Fosshótela.

 **Verkalýðsfélag  
Snæfellinga**

## Aflabrögð

Verkefni hafnarvarða eru marg-  
vísleg og langt frá því að þeirra  
eina starf sé að vigta fisk. Á mynd-  
inni sem fylgir aflafréttum að  
þessu sinni má sjá Pétur Bogason  
hafnarvörð í Ólafsvík að störfum,  
þar sem hann er nýbúinn að  
afgreiða Ólaf Bjarnason SH með  
vatn og er að taka vatnsslönguna  
til að fara með hana og afgreiða  
næsta bát.

Tímabilið 25. til 31. mars var  
landað alls 599 tonnum í 58 lönd-  
unum í höfnum Snæfellsbæjar þar  
af 387 tonnum í 42 löndunum  
í Ólafsvík og 212 tonnum í 16  
löndunum í Rifshöfn. Er þetta  
heldur minna en dagana á undan  
sem er ekki óeðlilegt þar sem litla  
hryggningarstoppið hófst daginn  
eftir þetta tímabil sem um ræðir  
eða 1. apríl og stendur til 11.  
apríl og frá með 12. apríl til  
21. apríl nær stoppið 12 sjómílu  
frá viðmiðunarlínu.

Mjög vel veiddist þó hjá neta-  
bátunum og landaði Ólafur  
Bjarnason SH 80 tonnum í 6,  
Bárður SH 67 tonnum í 7 og Arnar  
II SH 27 tonnum í 4 löndunum.

Hjá dragnótabátunum landaði  
Leynir SH 64 tonnum í 5, Rífsari  
SH 35 tonnum í 2, Guðmundur  
Jensson SH 28 tonnum í 3,  
Gunnar Bjarnason SH 26 tonnum  
í 3, Sveinbjörn Jakobsson SH 25  
tonnum í 1, Matthías SH 22 tonn-  
um í 1, Magnús SH 16 tonnum í  
1 og Egill SH 4 tonn í 1 löndun.

Einn bátur landaði á grásleppu-  
netum Rán SH og landaði hún 500  
kílóum í 1 löndun.

Fimm handfærabátar lönduðu  
í Snæfellsbæ 3 tonnum í 6 lönd-  
unum og mun þeim nú líklega  
fara fjölgandi eftir stoppið.

Hjá litlu línubátunum landaði  
Kristinn SH 35 tonnum í 2, Stakk-  
hamar SH 17 tonnum í 4, Tryggvi  
Eðvarðs SH 16 tonnum í 1, Guð-  
björg GK 12 tonnum í 1, Bíldsey  
SH 6 tonnum í 2, Gullhólmi SH 5  
tonnum í 1, Lilja SH 4 tonnum í 1  
og Álfur SH 1 tonni í 2 löndunum.

Hjá stóru línubátunum landaði  
Rífsnes SH 44 tonnum í 1, Tjaldur  
SH 36 tonnum í 1 og Örvar SH 26  
tonnum í 1 löndun.

þa

